

## Fundargerð 1. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 6. apríl 2017

**Mættir:** Hörður J. Oddfríðarson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Elsa María Guðmundsdóttir, Eva Hannesdóttir, Helga Sigurðardóttir, Hilmar Örn Jónasson, Hrafnhildur Lúthersdóttir, Jón Hjaltason, Jóna Margrét Ólafsdóttir, Margrét Gauja Magnúsdóttir, Emil Örn Harðarson mótastjóri og Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri,  
**Afboða, mæta ekki:** Björn Sigurðsson

**Fundur settur kl. 19:10**

### 1. Verkaskipting stjórnar

- a. Formaður leggur fram meðfylgjandi tillögur:
  - i. Varaformaður, Jón Hjaltason – innlend samskipti
  - ii. Gjaldkeri, Björn Sigurðsson
  - iii. Ritari, Jóna Margrét Ólafsdóttir – erlend samskipti

*Samþykkt*

### 2. Skipan og starfshættir starfsnefnda SSÍ

- a. Formaður leggur fram meðfylgjandi tillögu um starfshætti nefnda SSÍ

Allar nefndir eru skipaðar af stjórn SSÍ og þær starfa á ábyrgð stjórnar og stjórn skipar einnig formann nefndar sérstaklega, nema Íþróttamannanefndin er kosin sérstaklega af sundfólki. A.m.k. einn stjórnarmaður eða starfsmaður SSÍ er í hverri nefnd sem fulltrúi stjórnar. Fulltrúi stjórnar getur fylgt málum frá nefnd eftir á stjórnarfundi og einnig að bera upplýsingar frá stjórn til nefndar eftir því sem við á. Fulltrúar stjórnar geta verið fleiri en einn, ef t.a.m. málefni skarast eða eru mjög viðamikil.

Hlutverk nefnda er að halda utan um afmarkaða þætti í starfssemi SSÍ og hafa faglega umsjón með þeim þáttum fyrir hönd stjórnar.

Ákvarðanir nefnda eru tillögur til stjórnar sem þarf að samþykka þar til þess að þær öðlist gildi. Það er í flestum tilfellum gert með staðfestingu á fundargerð nefndarinnar, en stundum með sérstakri samþykkt í stjórn.

Nefndir SSÍ hafa ekki sjálfstæðan fjárhag og öll útgjöld verður að bera undir framkvæmdastjóra SSÍ áður en til þeirra er stofnað.

Allar nefndir eiga að skila fundargerð til stjórnar SSÍ.

Leiðbeiningar um færslu fundargerða nefnda SSÍ.

- a) Bóka efni máls
- b) Bóka niðurstöðu máls
- c) Bóka ef einhver nefndarmaður fær verkefni til að leysa
- d) Umræður alla jafnan ekki bókaðar
- e) Ef nefnd þarf af einhverjum ástæðum að koma frekari upplýsingum til stjórnar SSÍ, er hægt að senda fylgiblað með sem ekki verður birt, eða fulltrúi stjórnar í nefndinni fylgir málinu eftir á stjórnarfundi.

Dæmi um fundargerð.

*10.fundur jólaskrautsnefndar SSÍ, 31.desember 2013.*

*Mættir: Jóna Jónsdóttir formaður, Jón Jónsson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðmundur Guðmundsson fulltrúi stjórnar.*

- 1) *Jólaskraut í Viðidalsslaug*
  - a. *Ákveðið að hafa sama skraut á síðasta ár*

*Samþykkt. Nefndarmanni Sigríði Sigurðar falið að finna skrautið til*

- 2) *Jólaskemmtun*
  - a. *Fer fram í Miðgarði 4.janúar 2013*
  - b. *Gáttaþefur og hinir jólasveinarnir sjá um spila og skemmta*
  - c. *Kostnaður kr. 200.000*

*Samþykkt. Nefndarmanni Jóni Jónssyni falið að ganga frá málum við Miðgarð og Gáttaþef að fengnu samþykki stjórnar fyrir fjárúthlutunum.*

- 3) *Ábendingar til stjórnar*
  - a. *Jóna Jónsdóttir formaður nefndarinnar biðst lausnar og nefndin stingur upp á Gunnari Gunnarssyni í hennar stað.*

*Samþykkt*

*Samþykkt*

- b. Formaður leggur fram meðfylgjandi tillögur um skipan nefnda SSÍ:

- i. Aga- og siðanefnd:
  - Ásdís Ó. Vatnsdal formaður
  - Helga Sigurðardóttir
  - Jónas Tryggvason
  - Jóna Margrét Ólafsdóttir fulltrúi stjórnar

*Samþykkt*

- ii. Almennings- og skólasundnefnd:
  - Margrét Gauja Magnúsdóttir fulltrúi stjórnar
  - Elsa María Guðmundsdóttir fulltrúi stjórnar
  - Hrafnhildur Lúthersdóttir fulltrúi stjórnar

## Fundargerð 1. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 6. apríl 2017

---

• MGM, EMG og HL falið að finna a.m.k. þrjá til viðbótar í nefndina *Umræður um störf nefndarinnar. Ákveðið að ath hvort náist samstarf við sveitarfélög og Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Nefndin getur sent frá sér ályktanir t.d. varðandi eflingu skólasunds. Athugað með verkefnastyrki frá ÍSÍ.*

*Samþykkt*

iii. Dómaranefnd:

- Viktoría Gísladóttir formaður
- Björn Valdimarsson
- Bryndís Sigurðardóttir
- Hilmar Theodór Björgvinsson
- Ingibjörg Ýr Pálmadóttir
- Lilja Ósk Björnsdóttir
- Sigurður Óli Guðmundsson
- Hilmar Örn Jónasson fulltrúi stjórnar

*Samþykkt*

iv. Dýfinga- og Sundfiminefnd:

- Hrafnhildur Lúthersdóttir fulltrúi stjórnar

*Ákveðið að fresta því að fylla þessa nefnd fram á veturinn. Formaður og HL munu skoða þau mál.*

*Samþykkt*

v. Fræðslu- og kynningarnefnd:

- Ingibjörg Kristinsdóttir formaður
- Bjarney Guðbjörnsdóttir Vesturland
- Benedikt Sigurðsson Vestfirðir
- Dýrleif Skjöldal Norðurland
- Salóme Rut Harðardóttir Austurland
- Emil Örn Harðarson tæknimál
- Jóna Margrét Ólafsdóttir fulltrúi stjórnar

*Samþykkt*

vi. Garpanefnd:

- Lóa Birna Birgisdóttir formaður
- Rémi Spilliaert
- Karl Klein
- Helga Sigurðardóttir fulltrúi stjórnar
- HS og öðru nefndarfólki falið að finna tvo aðila til viðbótar í nefndina

*Samþykkt*

vii. Íþróttamannanefnd:

- Verður kosin fyrir 25.apríl 2017

*Frestað*

viii. Kjörnefnd:

- Sigurbjörg Róbertsdóttir formaður
- Hildur Karen Aðalsteinsdóttir
- Jónas Tryggvason
- Jón Hjaltason fulltrúi stjórnar

*Samþykkt*

## Fundargerð 1. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 6. apríl 2017

---

ix. Landsliðsnefnd:

- Magnús Tryggvason formaður
- Eðvarð Þór Eðvarðsson
- Ingi Þór Ágústsson
- Jacky Pellerin
- Ingibjörg Helga Arnardóttir fulltrúi stjórnar

*Samþykkt*

x. Lífsbjörg:

- Finnbjörn Aðalheiðarson
- Hafþór Guðmundsson
- Emil Örn Harðarson fulltrúi stjórnar

*Samþykkt*

xi. Mannvirkjanefnd:

- Jóhannes Benediktsson formaður
- Sigþór Sævarsson
- Trausti Gylfason
- Jón Hjaltason fulltrúi stjórnar

*Samþykkt*

xii. Móta- og tækninefnd:

- Arnar Loftsson formaður
- Trausti Gylfason
- Sigþór Sævarsson
- Emil Örn Harðarson
- Hilmar Örn Jónasson fulltrúi stjórnar
- HÖJ og öðru nefndafólki falið að finna tvo til viðbótar í nefndina

*Samþykkt*

xiii. Sundknattleiksnefnd:

- Glenn Moyle formaður
- Þorgeir Karlsson
- Mladen Tepavcevic
- Kristján Guðmundsson
- Hörður J. Oddfríðarson fulltrúi stjórnar

*Samþykkt*

xiv. Víðavatnssundnefnd:

- Helga Sigurðardóttir fulltrúi stjórnar

*Formaður og HS munu finna fólk í nefndina*

*Samþykkt*

xv. Þjálfaranefnd:

- Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir formaður
- Ragnar Friðbjarnarson
- Steindór Gunnarsson
- Emil Örn Harðarson mótastjóri
- Bjarney Guðbjörnsdóttir fulltrúi stjórnar

*Samþykkt*

## Fundargerð 1. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 6. apríl 2017

---

- c. Erindisbréf verða send til allra nefnda sem munu fara yfir starf nefndarinnar og ramma inn starfsemi framundan og setja sér markmið.

*Samþykkt*

### 3. Lög og reglugerðir SSÍ eftir sundþing

- a. Farið yfir breytingar sem urðu á sundþingi  
i. Lagabreytingar sendar til ÍSÍ til staðfestingar

*Staðfest*

- b. Formaður gerir tillögu um breytingu á reglugerð um heiðursviðurkenningar, þannig að hún verði eftirfarandi:

#### VI. KAFLI – Reglugerð um Heiðursviðurkenningar SSÍ

##### 1. grein

Sundþing skal ef tilefni er til, veita einstaklingum, félögum eða félagasamtökum viðurkenningar, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar. Þegar sérstaklega stendur á hefur stjórn SSÍ umboð til að veita slíkar viðurkenningar – án þess að staðfesting slíkrar veitingar hafi átt sér stað á Sundþingi.

##### 2. grein

Heiðursviðurkenningar SSÍ eru staðfest einkennismerki Sundsambands Íslands eins og það er á hverjum tíma – og eru efni og útlit í samræmi við reglugerð þessa. Heiðursviðurkenningar eru fimm:

1. Heiðursfélagi SSÍ
2. Gullmerki SSÍ
3. Silfurmerki SSÍ
4. Þjónustumerki SSÍ
5. Borðfáni SSÍ – veifa SSÍ

##### 3. grein

Heiðursfélagi SSÍ – Gera má einstakling að heiðursfélagi í SSÍ sem hefur unnið sundíþróttum á Íslandi samfellt gagn megnið af uppveiti og starfsæfi sinni. Einnig má gera þá að heiðursfélögum sem gegna embætti forseta Íslands, enda leggi þeir sundíþróttahreyfingunni til jákvæða ímynd. Gull- og silfurmerki SSÍ – skal vera ýmist fest í borða í íslensku fánalitunum eða vera barmmerki. Merkið er staðfest einkennismerki SSÍ eins og það er á hverjum tíma í gulli eða silfri – og skal grunnur vera í sama efni. Stjórn SSÍ gerir tillögur til Sundþings ár hvert um veitingu viðurkenninga. Gullmerki SSÍ skal einkum veitt þeim einstaklingum sem um lengri tíma hafa unnið afburða gott starf í þágu sundhreyfingarinnar eða skilað yfirburðaárangri meðal íslenskra sundmanna.

Silfurmerki SSÍ skal veita þeim sem unnið hafa framúrskarandi gott starf að málefnum sundhreyfingar eða hafa komið fram fyrir hönd Íslands á alþjóðlegum vettvangi sundhreyfingar. Einnig skulu sundmenn sem náð hafa viðurkenndum alþjóðlegum árangri hljóta silfurmerkið – og þar með allir þeir sem keppt hafa í sundi á Ólympíuleikum fyrir Íslands hönd.

##### 4. grein

Þjónustumerki SSÍ má afhenda stjórnarmönnum SSÍ, nefndarmönnum og fulltrúum SSÍ á þingum ÍSÍ og sérsambanda sem SSÍ er aðili að. Stjórn SSÍ er heimilt að veita einstaklingum þjónustumerki fyrir gott starf að sundmálum.

##### 5. grein

Borðfáni eða veifa SSÍ er merki SSÍ á hvítum fleti – og stofndagur SSÍ 21. febrúar 1951 skráður neðan við merkið. Fáninn er tvöfaldur með snúru og kögri. Veifu og fána SSÍ skal veita félögum, einstaklingum og þeim samstarfsaðilum sem stjórn ákveður hverju sinni. Fáninn skal vera á stöng þegar hann er veittur.

##### 6. grein

Framkvæmdastjóri heldur lista yfir þá sem fá heiðursviðurkenningar SSÍ.

*Samþykkt*

### c. Reglugerð AMÍ

- i. Lögð fyrir leiðrétt reglugerð AMÍ (7.grein) ásamt breytingu sem gerð er að ósk sundfólks. Leiðréttar eru greinar miðað við útgefin lágmark og breytingin felst í því að settar eru 800 metra skriðsundsgreinar í aldursflokka drengja og telpna og pilta og stúlkna. 7.grein reglugerðar AMÍ mun því hljóða svo:

##### 7. grein

SSÍ ákveður greinaröðun og tilkynnir amk einum mánuði áður en mót hefst.

Miða skal við að eftirfarandi greinar séu í boði fyrir meðfylgjandi aldursflokka. Sundfólk syndir eingöngu í sínum aldursflokki í einstaklingsgreinum: Sveinar og meyjar (12 ára og yngri)

100 metra flugsund, 100 metra baksund, 200 metra baksund, 100 metra bringusund, 200 metra bringusund, 100 metra skriðsund, 200 metra skriðsund, 100 metra fjórsund, 200 metra fjórsund og 400 metra skriðsund.

Boðsund: 4x50 metra fjórsund, 4x50 metra skriðsund og 8x50 metra skriðsund blandað

Drengir og telpur (13 til 14 ára)

100 metra flugsund, 200 metra flugsund, 100 metra baksund, 200 metra baksund, 100 metra bringusund, 200 metra bringusund, 100 metra skriðsund, 200 metra skriðsund, 400 metra fjórsund, 400 metra skriðsund og 800 metra skriðsund.

Boðsund: 4x100 metra fjórsund, 4x100 metra skriðsund og 8x50 metra skriðsund blandað

Piltar og stúlkur (15 til 17 ára)

100 metra flugsund, 200 metra flugsund, 100 metra baksund, 200 metra baksund, 100 metra bringusund, 200 metra bringusund, 100 metra skriðsund, 200 metra skriðsund, 200 metra fjórsund, 400 metra skriðsund og 800 metra skriðsund

Boðsund: 4x100 metra fjórsund, 4x100 metra skriðsund og 8x50 metra skriðsund blandað

## Fundargerð 1. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 6. apríl 2017

Síðasta grein mótsins er 10x50 metra skriðsund blandað m/v eftirfarandi:

Í 10 x 50m blönduðu boðsundi má hvert lið hafa að hámarki tvo sundmann af hvoru kyni 15 ára eða eldri. Ekki eru settar takmarkanir á fjölda sundmanna úr öðrum aldursárgöngum. Félög sem ekki ná að setja saman blandaða boðsundssveit í þessari grein mega sameina krafta sína við önnur félög. Jafnt hlutfall kynja verður að vera í hverri sveit. 10x50 metra boðsund telur ekki til stiga fyrir félög á mótinu.

Í boðsundum má synda upp fyrir sig í aldursflokkum að því tilskyldu að boðsundssveitir séu skipaðir tveimur einstaklingum úr réttum aldursflokkum hið minnsta í flokkum 12 ára og yngri, 13 til 14 ára og 15 til 17 ára. Félögum er heimilt að hafa sundfólk í boðsundssveitum sem ekki hafa náð einstaklingslágmarkum á AMÍ, en það verður að uppfylla aldurstakmarkanir. Boðsundssveitum skal skipað á brautir miðað við stigastöðu félaga þegar kemur að boðsundsgreinum dagsins.

### *Samþykkt*

- d. Reglugerð um kosningu í Íþróttamannanefnd SSÍ
  - i. Neðangreind reglugerð samþykkt á sundþingi og er staðfest af stjórn SSÍ óbreytt

#### **b) Reglugerð um kosningar í Íþróttamannanefnd SSÍ.**

##### **1. grein**

Kosin skal í 5 manna Íþróttamannanefnd SSÍ innan mánaðar frá því að sundþingi lýkur.

##### **2. grein**

Í Íþróttamannanefnd SSÍ situr sundfólk sem er 16 ára eða eldri, æfir með afrekshópi í sínu félagi og hefur verið tilnefnt af félögum sínum í hópnum. Einungis er mögulegt að tilnefna einn einstakling frá hverju félagi.

##### **3. grein**

Kosningarétt hafa allir sundmenn, 13 ára og eldri, skráðir í félög innan SSÍ. Þeir skulu kjósa 5 af lokalista.

##### **4. grein**

Stjórn SSÍ setur saman kjörstjórn sem hefur umsjón með kosningunni. Í kjörstjórninni skulu sitja einn stjórnarmaður SSÍ, einn nefndarmaður í Aga- og siðanefnd SSÍ og einn tilnefndur af ÍSÍ.

##### **5. grein**

Kjörstjórn er heimilt að skipa sér trúnaðarmann í hverju félagi, sem framkvæmir kosningu í hennar umboði, kjörstjórn telur atkvæðin og tilkynnir úrslit.

##### **6. grein**

Stjórn SSÍ kallar Íþróttamannanefnd SSÍ saman í fyrsta sinn eftir kosningu.

##### **7. grein**

Íþróttamannanefnd SSÍ hefur ekki sjálfstæðan fjárhag, en allur kostnaður við nefndina og kosningu í hana er greiddur af SSÍ.

### *Staðfest*

## **4. Kosning Íþróttamannanefndar SSÍ**

- a. Skipan kjörstjórnar
  - i. Fulltrúi stjórnar SSÍ – formaður leggur til Jón Hjaltason
  - ii. Fulltrúi ÍSÍ
  - iii. Fulltrúi Aga- og siðanefndar SSÍ

*Umræður um framkvæmd kosninga. Kjörstjórn ákveður hvernig best er að standa að kosningu og setur fram leiðbeinandi reglur miðað við fyrirliggjandi reglugerð og sendir til félaga. Formanni falið að fá fulltrúa frá ÍSÍ og Aga- og siðanefnd SSÍ*

### *Samþykkt*

## **5. Mál og ályktanir sem sundþing beindi til stjórnar**

- a. Fjárhagsáætlanir almennur rekstur

*Frestað*

- b. Fjárhagsáætlanir landsliðsverkefni

*Frestað*

- c. Stefna og Afreksstefna SSÍ

- i. Stefna og Afreksstefna SSÍ liggja fyrir eftir sundþing. Þær verða sendar ÍSÍ.

*Staðfest*

- ii. Starfslýsing Íþróttafulltrúa

*Frestað – stjórnarfólk mun skoða starfslýsingu Íþróttafulltrúa*

- iii. Niðurstöður málþings SSÍ

- EMG mun fara yfir niðurstöðurnar og skipta þeim upp og setja þær fram í aðskildum hópum, til að stjórn geti betur áttað sig á vilja

## Fundargerð 1. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 6. apríl 2017

---

hreyfingarinnar. Stjórn mun fjalla um niðurstöður málþings á næstu fundum og í framhaldi ákveða hvenær og hvernig framhald verður á samtali innan hreyfingar.

*Samþykkt*

d. Handbók SSÍ

i. Útgáfa einstakra hluta

- Stjórn mun lesa handbókina yfir með það fyrir augum að skipta henni upp í mismunandi kafla til að hún verði nýtlegri einstökum hópum og einstaklingum sem þurfa á henni að halda

*Samþykkt*

ii. Útbúnaðarreglur landsliða

- Stjórn mun skoða hvernig tillögur sem Sundþing vísaði til stjórnar samrýmast handbókinni og hvar og hvernig þær verða skrifaðar inn í hana

*Samþykkt*

e. Um þjálfara

- Fyrir liggur að núverandi landsliðsþjálfari lýkur störfum þann 31. júlí n.k. Einnig liggur fyrir að búið er að ganga frá því hvaða þjálfarar munu fylgja sundfólkinu í landsliðsverkefni út sundárið (til 15. ágúst). Stjórn mun fylgjast með ákvörðunum um nýjan afrekssjóð og leitast við að uppfylla þær kröfur sem gerðar verða til sambandsins varðandi þjálfara og stjórn landsliðsmála.

*Samþykkt*

f. Breytingar á 8. og 21. grein Almennra ákvæða

- Stjórn mun lesa yfir viðkomandi ákvæði og tillögur sem sundþing vísaði til hennar og aðrar reglur sem gætu haft áhrif. Einnig mun stjórn íhuga hvort og þá hvernig væri hægt að breyta viðkomandi ákvæðum í samræmi við tillögurnar, þannig að jafnræði sé tryggt.

*Samþykkt*

### 6. Þinggerð 62. sundþings

a. Er í vinnslu

*Frestað*

### 7. Styrktarsamningur

a. Samningur SSÍ og Icepharma lagður fram til kynningar og staðfestingar

*Staðfest*

### 8. Sundknattleiksmót fyrir 16 ára og yngri

*Stjórn lýsir ánægju sinni með framtak SH og Mladen Tepavcevic og hvetur félög og þjálfara til að fylgja þessu fordæmi í skapandi starfi innan sundíþróttahreyfingarinnar, koma með nýjar hugmyndir og skapa verkefni sem munu geta fjölgað í hreyfingunni og borið hróður sundíþróttu víðar*

### 9. Skráning í Felix og útreikningur þjónustugjalda

*Formaður og framkvæmdastjóri munu fá leiðbeiningar frá ÍSÍ um hvernig hægt er að skrá alla sundiðkenndur inn í Felix og jafnframt geta nýtt skráninguna til útreikninga fyrir þjónustugjöld.*

## Fundargerð 1. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 6. apríl 2017

*Frestað til næsta fundar*

### 10. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Stephan Jón Hufschmid	Sd. Styrmis	Sd. Breiðabliks	04.04.2017	03.05.2017
Iðunn Ása Óladóttir	Sd. Styrmis	Sd. Breiðabliks	04.04.2017	03.05.2017
Ásta Þóra Ólafsdóttir	Sd. Stjörnnunnar	Sd. Breiðabliks	04.04.2017	03.05.2017

### 11. Staðfesting meta

25m braut

Garpar

45-49 ára

Grein:

100m fjórsund

55-59 ára

Grein:

50m flugsund

Nafn:

Steinn Jóhannsson

Félag:

SH

Tími:

1:13,48

Dags:

01.04.17

Staður:

Hafnarfjörður

Nafn:

Guðni Guðnason

Félag:

SH

Tími:

32,51

Dags:

01.04.17

Staður:

Hafnarfjörður

### 12. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
27.03.2017	Félagaskipti Vestri – UMFB vegna félagaskipta <i>Formaður svarar bréfinu í samræmi við umræður á fundinum</i>	UMFB/hm
28.03.2017	Reminder // Whereabouts Q2-2017 <i>Viðkomandi sundmaður hefur komið sínum málum í lag og því ekki ástæða til aðgerð</i>	FINA/cm
30.03.2017	Styrkir Ólympíusamhjalparinnar vegna þjálfaramenntunar <i>Fræðslu-, þjálfara- og landsliðsnefndum ásamt framkvæmdarstjóra falið að skoða styrki og umsóknir ásamt mögulegri nýtingu á styrk Ólympíusamhjalparinnar vegna þjálfaramenntunar</i>	ÍSÍ/rs
03.04.2017	LEN Congress Program <i>Lagt fyrir</i>	LEN/pf
03.04.2017	LEN EJC2017 – Netanya. Nomination of Officials <i>Vísad til dómaranefndar – m.a. háð fjármagni.</i>	LEN/pf
04.04.2017	Staðfesting lágmarka frá Austra o.fl. <i>Formaður svarar bréfinu í samræmi við umræður á fundinum</i>	Sd . Austra/pb

### 13. Önnur mál

#### a. Boðsundskeppnin

- i. Framkvæmdastjóri sagði frá nýafstaðinni boðsundskeppni grunnskólanna sem gekk mjög vel. Þátttakendur, foreldrar og starfsfólk skóla hafa lýst yfir mikilli ánægju með framtakið. Huga þarf enn betur að praktískum atriðum s.s. komast kynningar á verkefningu til skila, verður möguleiki að veita þátttökuverðlaun í framtíðinni, til þess að halda fólkinu á svæðinu til enda o.s.frv. Einnig þarf að hafa í huga hvernig regluverkið í kringum börn í grunnskóla, leyfi foreldra, hádegi o.fl geta haft áhrif á framkvæmdina.

*Stjórn mjög áfram um að keppnin haldi áfram og verði útvíkkuð út um allt land*

#### b. Lágmrörk í 16,66 metra og 12,5 metra laugum

- i. Stjórn ákveður að gefa út lágmrörk fyrir AMÍ í 16,66 m og 12,5 m.

*Framkvæmdastjóra og landsliðsþjálfara falið að ganga frá því*

#### c. ÍM50 6. – 8.apríl

- i. Mikilvægt að stjórnarfolk sé á staðnum, sjái um verðlaunaafhendingar og manni yfirdómnefnd
- ii. Tilkynningar hafa verið sendar fjölmiðlum

**Fundargerð 1. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019**  
**fimmtudaginn 6. apríl 2017**

---

- iii. Bein útsending verður á RÚV frá föstudagskvöldinu, en of kostnaðarsamt er að streyma úrslitahlutum á laugardegi og sunnudegi.

*Lagt fyrir*

d. Dómaramál

- i. EMG gerði grein fyrir síðasta fundi Dómaranefndar og bar upp áhyggjur nefndarinnar um fækkun virkra dómara

*Lagt fyrir – verður tekið upp síðar*

**Fundi slitið kl. 21:30**